Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2014:4 • 1. desember 2014

# Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk 2013

*Municipal services to persons with disabilities 2013*

*Samantekt*

**Árið 2013 veittu sveitarfélög 4.783 einstaklingum með fötlun þjónustu á 15 þjónustusvæðum og hafði þeim fjölgað um 523 (12,3%) frá árinu áður. Af þeim voru 1.910 börn 17 ára og yngri (39,9%). Drengir og karlar voru fleiri en stúlkur og konur í heildar hópnum eða tæp 62%, enda voru þeir í miklum meirihluta í yngsta aldurshópnum (tæp 73%). Í aldurshópnum 18–39 ára voru karlar rúmt 61%, en í aldurshópnum 67 ára og eldri voru konur mun fleiri eða 67%. Þjónustuþegar voru 1,5% landsmanna, 2,4% barna og 0,7% fólks 67 ára og eldra. Í desember árið 2013 voru 23% þessara einstaklinga í sérstökum búsetu-úrræðum, en 43% bjuggu hjá foreldrum. Af 18 ára og eldri voru tæp 36% í sér-stökum búsetuúrræðum.**

**Árið 2013 höfðu samningar um þjónustu og/eða einstaklingsbundnar áætlanir verið gerðar við 841 (17,6%) einstakling með fötlun. Þar af voru samningar um þjónustu við 613 (12,8%) og einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir við 384 (8,0%). Hafði þeim sem höfðu slíka samninga eða áætlanir fjölgað um nær helming frá árinu á undan.**

**Þegar litið er til fjölda þjónustuþátta og magn þjónustu sem fólk með fötlun 18 ára og eldra fékk árið 2013 kemur fram að 2.015 (70,2%) fengu einn þjónustu-þátt eða fleiri. Með þrjá þjónustuþætti eða fleiri voru 389 (29,6%) árið 2013.**

## Inngangur

*Upplýsingaöflun*

Þjónusta við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, var flutt frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofan leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga (fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og dagvistun barna á einkaheimilum). Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga hóf Hagstofan upplýsingaöflun hjá þeim um þjónustu þeirra við fólk með fötlun.

Leitað var upplýsinga um alla þætti þessarar þjónustu. Þar er um að ræða upplýs-ingar um einstaklinga sem skráðir eru á hverju þjónustusvæði, bakgrunnsupplýs-ingar um þá, búsetu þeirra í desember hvert ár, aðra þjónustuþætti sem taka til alls ársins og upplýsingar um atvinnu og hæfingu í desember. Niðurstöður þessar byggjast á upplýsingum sveitarfélaganna.

## Fjöldi sem fær þjónustu

*Fjöldi fatlaðra með þjónustu*

Árið 2013 fengu 4.783 einstaklingar með fötlun þjónustu á 15 þjónustusvæðum sveitarfélaga, þar af voru 23 einstaklingar sem fluttu milli þjónustusvæða á árinu og fengu þannig þjónustu á tveim svæðum (tafla 12). Þeim sem fengu þjónustu árið 2013 fjölgaði um 523 (12,3%) frá árinu 2012, þegar þeir voru 4.260 allt árið og þar af 43 á tveim þjónustusvæðum.

*Þjónustusvæði*

Þjónustusvæðin eru misstór. Það stærsta árið 2013 var Reykjavík og Seltjarnarnes með 1.960 þjónustuþega eða 41% allra þjónustuþega, en það minnsta Hornafjörður með 33 þjónustuþega eða 0,7%. Á þjónustusvæðum Reykjavíkur og Seltjarnarness, Hafnarfjarðar og Eyjafjarðar var hlutfall þjónustuþega hærra en hlutfall íbúa árið 2013.

*Aldurs- og kynskipting*

Tafla 14 sýnir skiptingu eftir kyni, aldri og landsvæðum árin 2012 og 2013. Af þeim 4.783 einstaklingum sem fengu þjónustu árið 2013 voru 1.910 börn 17 ára og yngri (39,9%). Karlar voru fleiri en konur í þessum hópi eða rúm 60%. Ástæða þess er að drengir voru í miklum meirihluta 0–17 ára eða rúm 72% og karlar voru tæp 60% í aldurshópnum 18-39 ára. Í aldurshópnum 67 ára og eldri voru konur mun fleiri eða 72%. Alls fengu 1,5% landsmanna þjónustu en 2,4% barna og 0,9% fólks 67 ára og eldra árið 2013.

## Bakgrunnsupplýsingar

Upplýsingar um tegund fötlunar fengust um um rúm 90% þjónustuþega árið 2013. Árið 2013 voru 3.548 (78,7%) þeirra sem upplýsingar fengust um með eina tegund fötlunar en 517 með fleiri tegundir. Meðalfjöldi fatlana sem merkt er við ef um samsetta fötlun er að ræða er 2,2.

*Einhverfa og þroskahömlun algengastar*

Rúm 37% þeirra sem upplýsingar bárust um voru með þroskahömlun og á það við um rúm 28% þeirra sem voru 17 ára og yngri. Tæp 33% voru með einhverfu og á það við tæp 57% þeirra sem voru 17 ára og yngri. Tæplega 14% bjuggu við hreyfihömlun og tæplega 14% við geðröskun/fötlun.

**Tafla 1. Þjónusta við fólk með fötlun eftir tegund fötlunar 2013**
*Table 1. Service to people with disabilities by type of disability 2013*

| | Alls | Aldur *Age* | |
|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18+ |
| **Fjöldi** ***Number*** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.783** | **1.910** | **2.873** |
| Hreyfihömlun *Physical disability* | 593 | 177 | 416 |
| Heyrnarskerðing / -leysi *Deaf* | 115 | 62 | 53 |
| Sjónskerðing / blinda *Blind* | 117 | 56 | 61 |
| Þroskahömlun *Intellectual disabilities* | 1.609 | 530 | 1.079 |
| Geðröskun / fötlun *Mental handicap* | 598 | 35 | 563 |
| Einhverfa *Autism* | 1.415 | 1.059 | 356 |
| Annað *Other* | 512 | 226 | 286 |
| Upplýsingar vantar *Unknown* | 446 | 45 | 401 |
| **Hlutfall** ***Percent*** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **100** | **100** | **100** |
| Hreyfihömlun *Physical disability* | 12,4 | 9,3 | 14,5 |
| Heyrnarskerðing / -leysi *Deaf* | 2,4 | 3,2 | 1,8 |
| Sjónskerðing / blinda *Blind* | 2,4 | 2,9 | 2,1 |
| Þroskahömlun *Intellectual disabilities* | 33,6 | 27,7 | 37,6 |
| Geðröskun / fötlun *Mental handicap* | 12,5 | 1,8 | 19,6 |
| Einhverfa *Autism* | 29,6 | 55,4 | 12,4 |
| Annað *Other* | 10,7 | 11,8 | 10,0 |
| Upplýsingar vantar *Unknown* | 9,3 | 2,4 | 14,0 |

*Börn með umönnunarbætur*

Árið 2013 voru 1.733 börn 17 ára og yngri með umönnunarbætur. Það eru rúm 91% fatlaðra barna með þjónustu.

*Fatlaðir með „SIS-mat“*

Í desember 2013 höfðu 1.071 (22,7%) fatlaðra fengið sérstakt mat á stuðningsþörf (svokallað SIS-mat) og 81 (1,7%) voru á biðlista eftir slíku. Á aldrinum 40 til 66 ára voru 558 (42,9%) með slíkt mat.

**Tafla 2. Fatlaðir metnir með stuðningsþörf eftir aldri 2013**
*Table 2. People with disabilities by age according to SIS assessment 2013*

| | Alls | Aldur *Age* | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–30 | 40–66 | 67+ | % |
| **Alls** ***Total*** | **4.712** | **1.902** | **1.269** | **1.301** | **240** | **100** |
| Með SIS mat[1] *With SIS evaluation*[1] | 1.071 | 17 | 435 | 558 | 61 | 22,7 |
| Á biðlista *On vaiting list* | 81 | 8 | 59 | 14 | – | 1,7 |
| Án *Without* | 3.560 | 1.877 | 775 | 729 | 179 | 75,6 |

1 SIS = mat á stuðningsþörf. *SIS = Support intensity scale.*

## Búseta í desember

*Tæpur fjórðungur fatlaðra í sérstökum búsetuúrræðum*

Tafla 13 á bls. 11 sýnir búsetu fólks með fötlun sem fékk þjónustu í desember 2012 og 2013 eftir tegund búsetu og aldri. Árið 2013 var rúmur fimmtungur hópsins eða 994 einstaklingur í sérstökum búsetuúrræðum. Stærsti hluti hópsins eða rúm 50% bjó á heimili foreldra eða ættingja og loks bjuggu rúm 28% í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði.

Árið 2013 bjuggu 1.004 (36,7%) fatlaðra 18 ára og eldri í sérstökum búsetuúrræðum. Af þessum hóp bjuggu 444 (15,8%) í eigin húsnæði, 553 (19,7%) í leiguhúsnæði, en upplýsingar um húsnæði vantar fyrir 338 (12,0%).

Leitað var eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um skiptingu sérstakra búsetuúrræða í herbergjasambýli, íbúðakjarna með aðstöðu eða íbúðakjarna án aðstöðu. Ekki bárust svör um skiptingu í þessa flokka 319 tilfellum eða 29,8%.

## Önnur þjónusta

Leitað var upplýsinga um veitta þjónustu allt árið vegna annarrar þjónustu, en búsetu og atvinnu /hæfingar.

*Veitt félagsráðgjöf*

Félagsráðgjöf var veitt 3.700 (77,4%) einstaklingum með fötlun árið 2013. Það er veruleg fjölgun eða um 876 einstaklinga (31%) frá árinu 2012. Níu af hverjum tíu var veitt sérstök ráðgjöf vegna fötlunar, en þriðjungur þeirra sem fékk félagsráðgjöf árið 2012 fékk sérstaka ráðgjöf vegna fötlunar.

**Tafla 3. Ráðgjöf við fatlað fólk eftir aldri 2012–2013**
*Table 3. People with disabilities receiving counselling by age 2012–2013*

| | Alls | Aldur *Age* | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–39 | 40–66 | 67+ |
| **2012** | | | | | |
| **Alls *Total*** | **2.824** | **1.173** | **782** | **869** | **12** |
| Almenn félagsráðgjöf | | | | | |
| *General counselling* | 1.837 | 675 | 514 | 648 | 12 |
| Sérstök ráðgjöf v. fötlunar | | | | | |
| *Special counselling for disabled* | 987 | 498 | 268 | 221 | – |
| Hlutfall *Percent* | 65,6 | 72,6 | 67,8 | 67,7 | 4,8 |
| **2013** | | | | | |
| **Alls *Total*** | **3.700** | **1.545** | **931** | **1.017** | **195** |
| Almenn félagsráðgjöf | | | | | |
| *General counselling* | 382 | 152 | 112 | 106 | 12 |
| Sérstök ráðgjöf v. fötlunar | | | | | |
| *Special counselling for disabled* | 3.318 | 1.393 | 819 | 911 | 195 |
| Hlutfall *Percent* | 77,4 | 80,9 | 73,0 | 75,7 | 81,8 |

*Samningar um þjónustu og einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir*

Í reglugerð um „þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu“ (nr. 1045/2010) er fjallað um félagslega þjónustu og sérstakan stuðning við fatlað fólk sem hefur þörf fyrir slíka þjónustu. Þar er m.a. fjallað annars vegar um samninga um þjónustu (sérstakan stuðning) og hins vegar um einstaklingsbundna þjónustuáætlun. Árið 2013 höfðu slíkir samningar og/eða áætlanir verið gerðar við 841 (17,6%) einstakling með fötlun. Þar af voru samningar um þjónustu við 613 (12,8%) og einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir við 384 (8,0%). Af þessum var í 156 tilvikum (3,3%) um hvorttveggja að ræða. Árið 2012 höfðu slíkir samningar og/eða áætlanir verið gerðar við 439 (10,2%) fólks með fötlun. Hafði þeim fjölgað um 402 milli árana 2012 og 2013 eða um tæp 92%.

**Tafla 4. Samningar um þjónustu við fatlaða eftir aldri 2012-2013**
*Table 4. Personal service agreement with disabled people by age 2012-2013*

| | Alls | Aldur *Age* | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Total* | 0–17 | 18–39 | 40–66 | 67+ |
| **2012** | | | | | |
| **Alls *Total*** | **439** | **72** | **152** | **203** | **12** |
| Með samning um þjónustu | | | | | |
| *With personal service agreement* | 152 | 66 | 42 | 43 | 1 |
| Með einstaklingsbundna þjónustuáætlun | | | | | |
| *With individual service plan* | 223 | 6 | 80 | 129 | 8 |
| Með hvort tveggja *With both* | 64 | – | 30 | 31 | 3 |
| Hlutfall *Percent* | 10,2 | 4,5 | 6,2 | 81,2 | 4,8 |
| **2013** | | | | | |
| **Alls *Total*** | **841** | **236** | **258** | **311** | **36** |
| Með samning um þjónustu | | | | | |
| *With personal service agreement* | 457 | 169 | 110 | 153 | 25 |
| Með einstaklingsbundna þjónustuáætlun | | | | | |
| *With individual service plan* | 228 | 47 | 73 | 99 | 9 |
| Með hvort tveggja *With both* | 156 | 20 | 75 | 59 | 2 |
| Hlutfall *Percent* | 17,6 | 12,4 | 20,2 | 6,5 | 14,2 |

*Félagsleg heimaþjónusta*

Félagsleg heimaþjónusta var veitt 767 (16%) heimilum fólks með fötlun árið 2013. Var það fjölgun um 97 (14,5%) heimili frá árinu 2012. Tæp 49% heimila 67 ára og eldri sem eru með fötlun nutu slíkrar þjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda á heimili voru 116,2 eða 2,5 stundir að jafnaði á viku.

**Tafla 5. Heimaþjónusta við fatlað fólk 2012–2013**
*Table 5. Home-help services for the disabled 2012–2013*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi vinnustunda á heimili *Average no. of working hours per household* | Hlutfall Percent |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **670** | **136** | **15,6** |
| 0–17 ára *years* | 22 | 106 | 1,4 |
| 18–39 ára *years* | 151 | 142 | 13,1 |
| 40–66 ára *years* | 382 | 123 | 29,8 |
| 67+ | 115 | 141 | 46,0 |
| **2013** | | | |
| **Alls *Total*** | **767** | **116** | **16,0** |
| 0–17 ára *years* | 21 | 81 | 1,1 |
| 18–39 ára *years* | 175 | 105 | 13,7 |
| 40–66 ára *years* | 448 | 117 | 33,3 |
| 67+ | 123 | 135 | 48,6 |

*Félagsleg liðveisla*

Liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Félagsleg liðveisla var veitt 1.342 (28,1%) einstaklingum með fötlun árið 2013. Var það fjölgun um 296 (28,3%) einstaklinga frá árinu 2012. Rúmt 31% barna með fötlun

naut félagslegrar liðveislu og tæp 31% 18 til 66 ára. Meðalfjöldi stunda á einstakling á árinu voru 117.

**Tafla 6. Félagsleg liðveisla fyrir fatlað fólk 2012–2013**
*Table 6. Personal assistance to the disabled 2012–2013*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi stunda á einstakling *Average no. of hours per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **1.046** | **128** | **24,3** |
| 0–17 ára *years* | 471 | 121 | 29,1 |
| 18–39 ára *years* | 301 | 135 | 26,1 |
| 40–66 ára *years* | 252 | 129 | 19,6 |
| 67+ | 22 | 143 | 8,8 |
| **2013** | | | |
| **Alls *Total*** | **1.342** | **117** | **28,1** |
| 0–17 ára *years* | 596 | 111 | 31,2 |
| 18–39 ára *years* | 391 | 125 | 30,6 |
| 40–66 ára *years* | 325 | 116 | 24,2 |
| 67+ | 30 | 141 | 11,9 |

*Frekari liðveisla*

Í sérstökum tilvikum er einstaklingum veitt frekari liðveisla en hún felur í sér margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs. Frekari liðveisla var veitt 416 (8,7%) einstaklingum með fötlun árið 2013. Var það fækkun um 10 (-2,3%) einstaklinga frá árinu 2012. Rúm 14% 18 til 66 ára fengu slíkra þjónustu. Meðalfjöldi stunda frekari liðveislu á einstakling árið 2013 var rúmar 1.103 en árið 2012 var meðalfjöldi stunda rúmar 686.

**Tafla 7. Frekari liðveisla við fatlað fólk 2012–2013**
*Table 7. Further personal services to the disabled 2012–2013*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi stunda á einstakling *Average no. of hours per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls *Total*** | **426** | **686** | **9,9** |
| 0–17 ára *years* | 13 | 697 | 0,8 |
| 18–39 ára *years* | 168 | 659 | 14,6 |
| 40–66 ára *years* | 221 | 689 | 17,2 |
| 67+ | 24 | 845 | 9,6 |
| **2013** | | | |
| **Alls *Total*** | **416** | **1.103** | **8,7** |
| 0–17 ára *years* | 25 | 1.046 | 1,3 |
| 18–39 ára *years* | 169 | 1.431 | 13,2 |
| 40–66 ára *years* | 205 | 889 | 15,3 |
| 67+ | 17 | 527 | 6,7 |

*Dvöl í skammtímavistun*

Árið 2013 dvöldu 389 (8,1%) einstaklingar með fötlun í skammtímavistun. Var það fjölgun um 14 (3,7%) frá árinu 2012. Af þeim sem dvöldu í skammtímavistun voru 259 (13,6%) börn 17 ára eða yngri. Meðalfjöldi dvalarsólarhringa í skammtímavistun var tæpir 60 sólarhringar.

**Tafla 8. Skammtímavistun fatlaðra 2012–2013**
*Table 8. Short term stay from home 2012–2013*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi dvalarsólarhringa á einstakling *Average number of caredays per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **375** | **77** | **8,7** |
| 0–17 ára *years* | 240 | 78 | 14,9 |
| 18+ | 135 | 76 | 5,0 |
| **2013** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **389** | **59** | **8,1** |
| 0–17 ára *years* | 259 | 50 | 13,6 |
| 18+ | 130 | 22 | 4,5 |

*Dvöl hjá stuðningsfjölskyldum*

Árið 2013 dvaldist 591 (12,3%) einstaklingur með fötlun hjá stuðningsfjölskyldum. Var það fjölgun um 11 (1,9%) frá árinu 2012. Af þeim sem voru í slíkri dvöl voru 542 (28,4%) börn 17 ára eða yngri. Meðalfjöldi dvalarsólarhringa hjá stuðningsfjölskyldum voru rúmlega 25 sólarhringar.

**Tafla 9. Dvöl fatlaðra hjá stuðningsfjölskyldum 2012–2013**
*Table 9. Temporary stay of the disabled with supportive families 2012–2013*

| | Alls *Total* | Meðalfjöldi dvalarsólarhringa á einstakling *Average number of caredays per person* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **580** | **26,0** | **13,5** |
| 0–17 ára *years* | 530 | 25,3 | 32,8 |
| 18+ | 50 | 33,9 | 1,9 |
| **2013** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **591** | **25,3** | **12,3** |
| 0–17 ára *years* | 542 | 24,3 | 28,1 |
| 18+ | 49 | 35,9 | 1,7 |

*Matarsendingar*

Árið 2013 fengu 159 (3,3%) einstaklingar með fötlun 18 ára og eldri matarsendingar. Var það fjölgun um 31 (24,2%) einstakling frá árinu 2012.

**Tafla 10. Matarsendingar til fatlaðra 2012–2013**
*Table 10. Food deliveries to the disabled 2012–2013*

| | Alls *Total* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|
| **2012** | | |
| **Alls *Total*** | **128** | **4,8** |
| 18–39 ára *years* | 12 | 1,0 |
| 40–66 ára *years* | 96 | 7,5 |
| 67+ | 20 | 8,0 |
| **2013** | | |
| **Alls *Total*** | **159** | **3,3** |
| 18–39 ára *years* | 17 | 1,3 |
| 40–66 ára *years* | 122 | 9,1 |
| 67+ | 20 | 7,9 |

*Ferðaþjónusta*

Árið 2013 nutu 1.590 (33,1%) einstaklingar með fötlun ferðaþjónustu. Það á við um 1.306 einstaklinga 18 ára og eldri eða rúmlega 45% þeirra.

**Tafla 11. Ferðaþjónusta við fatlaða eftir aldri 2012–2013**
*Table 11. Transport service to the disabled by age 2012–2013*

| | Alls *Total* | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|
| **2012** | | |
| **Alls *Total*** | **1.674** | **38,9** |
| 0–17 ára *years* | 292 | 18,1 |
| 18–39 ára *years* | 448 | 38,8 |
| 40–66 ára *years* | 726 | 56,6 |
| 67+ | 208 | 83,2 |
| **2013** | | |
| **Alls *Total*** | **1.587** | **33,2** |
| 0–17 ára *years* | 283 | 14,8 |
| 18–39 ára *years* | 399 | 31,3 |
| 40–66 ára *years* | 704 | 52,4 |
| 67+ | 201 | 79,4 |

*Samþætting þjónustuþátta*

Í töflu 15 koma fram upplýsingar um fjölda þjónustuþátta og magn þjónustu sem fólk með fötlun 18 ára og eldra fékk árin 2012 og 2013. Árið 2013 fengu 2.015 (70,2%) einn þjónustuþátt eða fleiri, en árið 2012 voru þeir 1.937 (72,8%). Með þrjá þjónustuþætti eða fleiri voru 389 (13,5%) árið 2013, en árið 2012 voru þeir 365 (13,7%).

## Atvinna, nám og virkni

*Atvinna nám og virkni*

Leitað var upplýsinga um nám, hæfingu og iðju og atvinnuþátttöku í desember. Töluvert vantaði upp á upplýsingar um skólagöngu fatlaðra fengjust og er þeim því sleppt hér.

Tafla 16 sýnir fólk með fötlun 18 ára og eldra, sem upplýsingar voru tiltækar um, sem var í hæfingu/iðju, á vernduðum vinnustöðum og í atvinnu á almennum markaði með eða án stuðnings í desember 2012 og 2013 eftir þjónustusvæðum. Árið 2013 voru 2.810 (45,7%) með þjónustu af þessu tagi. Eins og fram kemur í töflunni bárust ekki upplýsingar um þessi atriði frá Reykjavík[1] árið 2012, sem gerir samanburð milli ára erfiðan.

## English summary

A total of 4.783 persons with disabilities received services from 15 municipal service areas in 2013, an increase of 523 (12.3%) from the year before. Of these were 1,910 children 17 years old or younger (39.9%), more males than females or 62%, but boys were a majority of 0–17 years old or nearly 73%. In the age group 18–39 years males were little more than 61%. On the other hand in the age group 67 years and older females were 67%. People receiving services were 1.5% of the population, 2.4% of all children and 0.7% of the population 67 years or older. In the year 2013, 1.07 individuals with disabilities lived in collective living quarters, nearly 23% and 2,306 lived with parents, around 49%.

In the year 2013 personal service agreements and/or individual service plans had been made with 814 (17.6%) individuals with disabilities. There of were service agreements with 613 (12.8%) and service plans with 384 (8.0%). Individuals with service agreements or plans of this type had nearly douled from the year before.

Considering the number of service items and quantity of service that persons with disabilities, 18 years or older, received in the year 2013 shows that 2,015 (70.2%) received one or more service item. A total of 389 individuals (29.6%) received three or more service items in the year 2013.

[1] Í athugasemdum frá Reykjavík segir að þessi atriði séu ekki skráð hjá þeim en vísað á Vinnumálastofnun.

**Tafla 12. Þjónusta við fatlað fólk eftir þjónustusvæðum 2012–2013**
*Table 12. Service to people with disabilities by municipal service areas 2012–2013*

| | Fjöldi *Number* | Tvítaldir *Double-counted* Á öðru svæði í desember *In other area in December* | Á svæðinu í desember *In the area in December* |
|---|---|---|---|
| **2012** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.303** | **43** | **43** |
| 1 Mosfellsbær og Kjósarhreppur | 116 | 0 | 1 |
| 2 Garðabær og Álftanes | 155 | 1 | 1 |
| 3 Reykjavík og Seltjarnarnes | 1.724 | 20 | 4 |
| 4 Kópavogur | 240 | 4 | 6 |
| 5 Hafnarfjörður | 383 | 3 | 6 |
| 6 Suðurnes | 245 | 1 | 4 |
| 7 Vesturland | 220 | 2 | 7 |
| 8 Vestfirðir | 97 | 3 | 0 |
| 9 Norðurland vestra, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð | 145 | 0 | 1 |
| 10 Eyjafjörður | 454 | 1 | 4 |
| 11 Norðausturland | 61 | 1 | 0 |
| 12 Austurland | 134 | 0 | 4 |
| 13 Hornafjörður | 34 | 2 | 1 |
| 14 Suðurland | 238 | 4 | 4 |
| 15 Vestmannaeyjar | 57 | 1 | 0 |
| **2013** | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.806** | **23** | **23** |
| 1 Mosfellsbær og Kjósarhreppur | 129 | 1 | 0 |
| 2 Garðabær og Álftanes | 164 | 1 | 2 |
| 3 Reykjavík og Seltjarnarnes | 1.968 | 8 | 4 |
| 4 Kópavogur | 339 | 0 | 4 |
| 5 Hafnarfjörður | 450 | 3 | 5 |
| 6 Suðurnes | 289 | 1 | 3 |
| 7 Vesturland | 219 | 3 | 1 |
| 8 Vestfirðir | 90 | 0 | 1 |
| 9 Norðurland vestra, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð | 152 | 0 | 1 |
| 10 Eyjafjörður | 463 | 1 | 1 |
| 11 Norðausturland | 56 | 0 | 0 |
| 12 Austurland | 157 | 1 | 0 |
| 13 Hornafjörður | 35 | 2 | 0 |
| 14 Suðurland | 249 | 2 | 1 |
| 15 Vestmannaeyjar | 46 | 0 | 0 |

[1] Ef á tveim svæðum, þá hér taldir á því svæði sem þeir eru á í desember. *If in two areas here counted in the area they are in in December.*

| Alls án tvítalningar[1] *Total without double-counting[1]* | Hlutfall *Percent* Þjónustuþegar *Receivers* | Íbúar *Inhabitants* | Ekki á svæði í desember *Not in area in December* Í útlöndum *Living abroad* | Látnir á árinu *Died* | Alls á svæðinu í desember *Total in area in December* |
|---|---|---|---|---|---|
| **4.260** | **100,0** | **100,0** | **17** | **48** | **4.195** |
| 116 | 2,7 | 2,9 | 1 | 0 | 115 |
| 154 | 3,6 | 4,3 | 5 | 2 | 147 |
| 1.704 | 40,0 | 38,6 | 6 | 34 | 1.664 |
| 236 | 5,5 | 9,9 | 0 | 1 | 235 |
| 380 | 8,9 | 8,3 | 0 | 0 | 380 |
| 244 | 5,7 | 6,6 | 1 | 1 | 242 |
| 218 | 5,1 | 4,8 | 2 | 0 | 216 |
| 94 | 2,2 | 2,2 | 0 | 2 | 92 |
| 145 | 3,4 | 3,5 | 0 | 2 | 143 |
| 453 | 10,6 | 6,3 | 2 | 3 | 448 |
| 60 | 1,4 | 1,5 | 0 | 0 | 60 |
| 134 | 3,1 | 3,2 | 0 | 2 | 132 |
| 32 | 0,8 | 0,7 | 0 | 0 | 32 |
| 234 | 5,5 | 6,1 | 0 | 1 | 233 |
| 56 | 1,3 | 1,3 | 0 | 0 | 56 |
| | | | | | |
| **4.783** | **100,0** | **100,0** | **9** | **62** | **4.712** |
| 128 | 2,7 | 2,9 | 1 | 1 | 126 |
| 163 | 3,4 | 4,4 | 3 | 1 | 159 |
| 1.960 | 41,0 | 38,6 | 1 | 42 | 1.917 |
| 339 | 7,1 | 9,9 | 0 | 1 | 338 |
| 447 | 9,3 | 8,4 | 0 | 5 | 442 |
| 288 | 6,0 | 6,6 | 0 | 2 | 286 |
| 216 | 4,5 | 4,7 | 0 | 0 | 216 |
| 90 | 1,9 | 2,1 | 0 | 0 | 90 |
| 152 | 3,2 | 3,4 | 0 | 1 | 151 |
| 462 | 9,7 | 6,3 | 1 | 4 | 457 |
| 56 | 1,2 | 1,5 | 0 | 0 | 56 |
| 156 | 3,3 | 3,2 | 0 | 3 | 153 |
| 33 | 0,7 | 0,7 | 0 | 0 | 33 |
| 247 | 5,2 | 6,1 | 3 | 1 | 243 |
| 46 | 1,0 | 1,3 | 0 | 1 | 45 |

**Tafla 13. Þjónusta við fatlaða eftir tegund búsetu og aldri 2012–2013**
*Table 13. Service to disabled people by age and type of residence 2012–2013*

| | Alls *Total* | 0–17 | 19–39 | 40–66 | 67+ | Hlutfall *Percent* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2012** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.195** | **1.588** | **1.128** | **1.247** | **232** | **100,0** |
| Sérstök búsetuúrræði *Collective living quarters* | 983 | 26 | 316 | 546 | 95 | 23,4 |
| Sambýli *Communal dwellings* | 496 | 6 | 170 | 290 | 30 | 11,8 |
| Íbúðarkjarni með aðstöðu *Independent flats with common facilities* | 253 | 18 | 82 | 133 | 20 | 6,0 |
| Íbúðarkjarni án aðstöðu *Independent flats without common facilities* | 94 | 1 | 43 | 45 | 5 | 2,2 |
| Sértæk búsetuúrræði, en tegund óþekkt *Collective living quartes, type unknown* | 140 | 1 | 21 | 78 | 40 | 3,3 |
| Býr hjá foreldrum *Lives with parents* | 1.905 | 1.562 | 342 | 1 | 0 | 45,4 |
| Tegund húsnæðis *Type of ownership* | 1.307 | - | 470 | 700 | 137 | 31,2 |
| Eigið húsnæði *Owner occupied dwelling* | 437 | - | 66 | 287 | 84 | 10,4 |
| Leiguhúsnæði *Rented dwelling* | 548 | - | 236 | 286 | 26 | 13,1 |
| almennum markaði *general market* | 127 | - | 76 | 48 | 3 | 3,0 |
| sveitarfélaga *municipal ownership* | 247 | - | 101 | 136 | 10 | 5,9 |
| félagasamtaka *other social housing* | 174 | - | 59 | 102 | 13 | 4,1 |
| Húsnæðiseign óþekkt *n.a.* | 322 | - | 168 | 127 | 27 | 7,7 |
| **2013** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.712** | **1.902** | **1.269** | **1.301** | **240** | **100,0** |
| Sérstök búsetuúrræði *Collective living quarters* | 994 | 10 | 340 | 544 | 100 | 21,1 |
| Sambýli *Communal dwellings* | 258 | 1 | 61 | 172 | 24 | 5,5 |
| Íbúðarkjarni með aðstöðu *Independent flats with common facilities* | 216 | 1 | 101 | 103 | 11 | 4,6 |
| Íbúðarkjarni án aðstöðu *Independent flats without common facilities* | 278 | 1 | 109 | 157 | 11 | 5,9 |
| Sértæk búsetuúrræði, en tegund óþekkt *Collective living quartes, type unknown* | 242 | 7 | 69 | 112 | 54 | 5,1 |
| Býr hjá foreldrum *Lives with parents* | 2.381 | 1.892 | 446 | 43 | - | 50,5 |
| Tegund húsnæðis *Type of ownership* | 1.337 | - | 483 | 714 | 140 | 28,4 |
| Eigið húsnæði *Owner occupied dwelling* | 445 | - | 76 | 288 | 81 | 9,4 |
| Leiguhúsnæði *Rented dwelling* | 554 | - | 221 | 301 | 32 | 11,8 |
| almennum markaði *general market* | 140 | - | 79 | 62 | 1 | 3,0 |
| sveitarfélaga *municipal ownership* | 219 | - | 92 | 116 | 11 | 4,6 |
| félagasamtaka *other social housing* | 195 | - | 52 | 123 | 20 | 4,1 |
| Húsnæðiseign óþekkt *n.a.* | 338 | - | 186 | 125 | 27 | 7,2 |

**Tafla 14. Þjónusta við fatlað fólk eftir þjónustusvæðum, kyni og aldri 2012–2013**
*Table 14. Services to the disabled by service areas, sex and age 2012–2013*

| Fjöldi *Number* | Alls *Total* | Höfuðborgarsvæði *Capital region* Alls *Total* | Reykjavík, Seltjarnarnes | Annað *Other* | Önnur svæði *Other regions* | Hlutfall af mannfjölda *Percent of inhabitants* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2012** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.260** | **2.590** | **1.704** | **886** | **1.670** | **1,3** |
| 0–17 ára *years* | 1.599 | 937 | 557 | 380 | 662 | 2,0 |
| 18–39 ára *years* | 1.136 | 667 | 405 | 262 | 469 | 1,1 |
| 40–66 ára *years* | 1.275 | 786 | 563 | 223 | 489 | 1,2 |
| 67+ | 250 | 200 | 179 | 21 | 50 | 1,1 |
| **Karlar** ***Males*** | **2.579** | **1.525** | **976** | **549** | **1.054** | **1,5** |
| 0–17 ára *years* | 1.148 | 666 | 399 | 267 | 482 | 2,5 |
| 18–39 ára *years* | 688 | 406 | 248 | 158 | 282 | 1,3 |
| 40–66 ára *years* | 663 | 397 | 285 | 112 | 266 | 1,3 |
| 67+ | 80 | 56 | 44 | 12 | 24 | 0,7 |
| **Konur** ***Females*** | **1.681** | **1.065** | **728** | **337** | **616** | **1,1** |
| 0–17 ára *years* | 451 | 271 | 158 | 113 | 180 | 1,1 |
| 18–39 ára *years* | 448 | 261 | 157 | 104 | 187 | 0,8 |
| 40–66 ára *years* | 612 | 389 | 278 | 111 | 223 | 1,2 |
| 67+ | 170 | 144 | 135 | 9 | 26 | 1,4 |
| **2013** | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **4.783** | **3.037** | **1.960** | **1.077** | **1.746** | **1,5** |
| 0–17 ára *years* | 1.910 | 1.210 | 712 | 498 | 700 | 2,4 |
| 18–39 ára *years* | 1.276 | 774 | 454 | 320 | 502 | 1,3 |
| 40–66 ára *years* | 1.344 | 854 | 616 | 238 | 490 | 1,3 |
| 67+ | 253 | 199 | 178 | 21 | 54 | 0,7 |
| **Karlar** ***Males*** | **2.948** | **1.824** | **1.132** | **692** | **1.124** | **1,8** |
| 0–17 ára *years* | 1.389 | 874 | 518 | 356 | 515 | 3,4 |
| 18–39 ára *years* | 779 | 464 | 262 | 202 | 315 | 1,5 |
| 40–66 ára *years* | 697 | 430 | 307 | 123 | 267 | 1,3 |
| 67+ | 83 | 56 | 45 | 11 | 27 | 0,5 |
| **Konur** ***Females*** | **1.835** | **1.213** | **828** | **385** | **622** | **1,1** |
| 0–17 ára *years* | 521 | 336 | 194 | 142 | 185 | 1,3 |
| 18–39 ára *years* | 497 | 310 | 192 | 118 | 187 | 1,0 |
| 40–66 ára *years* | 647 | 424 | 309 | 115 | 223 | 1,2 |
| 67+ | 170 | 143 | 133 | 10 | 27 | 0,9 |

**Tafla 15. Þjónusta við fatlaða eftir fjölda þjónustuþátta og magni 2012–2013**
*Table 15. Number of service items and quantity of service to the disabled 2012–2013*

| | Alls *Total* | Félagsleg heima-þjónusta *Home-help services* | Félagsleg liðveisla *Personal assistance services* | Frekari liðveisla *Further personal assistance services* | Skamm-tímavistun *Short-term stay from home* | Stuðnings-fjölskyldur *Temporary stay with supportive families* | Matar-sendingar *Food delivery* | Ferða-þjónusta *Transport services* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2012** | | | | | | | | |
| **Fjöldi *Number*** | **2.661** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** |
| 1 eða fleiri þættir *1 or more item* | 1.937 | 648 | 572 | 412 | 133 | 50 | 128 | 1.379 |
| % | 72,8 | 33,5 | 29,5 | 21,3 | 6,9 | 2,6 | 6,6 | 71,2 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 136,8 | 133,6 | 687,4 | 77,2 | 33,9 | 0,0 | 0,0 |
| 2 eða fleiri þættir *2 or more items* | 863 | 551 | 467 | 295 | 115 | 35 | 120 | 664 |
| % | 32,4 | 63,8 | 54,1 | 34,2 | 13,3 | 4,1 | 13,9 | 76,9 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 141,6 | 136,5 | 825,2 | 79,7 | 34,8 | 0,0 | 0,0 |
| 3 eða fleiri þættir *3 or more items* | 365 | 274 | 266 | 211 | 70 | 26 | 103 | 301 |
| % | 13,7 | 75,1 | 72,9 | 57,8 | 19,2 | 7,1 | 28,2 | 82,5 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 183,2 | 158,9 | 881,9 | 81,7 | 39,9 | 0,0 | 0,0 |
| 4 eða fleiri þættir *4 or more items* | 128 | 108 | 123 | 109 | 24 | 16 | 44 | 115 |
| % | 4,8 | 84,4 | 96,1 | 85,2 | 18,8 | 12,5 | 34,4 | 89,8 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 235,7 | 188,7 | 691,8 | 75,2 | 39,9 | 0,0 | 0,0 |
| 5 eða fleiri þættir *5 or more items* | 27 | 27 | 27 | 27 | 5 | 2 | 20 | 27 |
| % | 1,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 18,5 | 7,4 | 74,1 | 100,0 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 197,8 | 235,3 | 908,4 | 92,2 | 144,0 | 0,0 | 0,0 |
| **2013** | | | | | | | | |
| **Fjöldi *Number*** | **2.872** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** | **.** |
| 1 eða fleiri þættir *1 or more item* | 2.015 | 745 | 747 | 390 | 129 | 48 | 159 | 1.305 |
| % | 70,2 | 37,0 | 37,1 | 19,4 | 6,4 | 2,4 | 7,9 | 64,8 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 117,2 | 121,2 | 1.107,0 | 79,5 | 36,6 | . | . |
| 2 eða fleiri þættir *2 or more items* | 976 | 640 | 560 | 327 | 109 | 38 | 139 | 669 |
| % | 34,0 | 65,6 | 57,4 | 33,5 | 11,2 | 3,9 | 14,2 | 68,5 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 123,0 | 130,3 | 1.063,4 | 76,3 | 38,2 | . | . |
| 3 eða fleiri þættir *3 or more items* | 389 | 293 | 309 | 216 | 65 | 25 | 111 | 289 |
| % | 13,5 | 75,3 | 79,4 | 55,5 | 16,7 | 6,4 | 28,5 | 74,3 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 153,3 | 148,0 | 905,7 | 78,6 | 37,4 | . | . |
| 4 eða fleiri þættir *4 or more items* | 114 | 98 | 110 | 96 | 19 | 11 | 46 | 97 |
| % | 4,0 | 86,0 | 96,5 | 84,2 | 16,7 | 9,6 | 40,4 | 85,1 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 198,5 | 173,7 | 837,9 | 85,2 | 38,1 | . | . |
| 5 eða fleiri þættir *5 or more items* | 21 | 19 | 21 | 21 | 4 | 2 | 17 | 21 |
| % | 0,7 | 90,5 | 100,0 | 100,0 | 19,0 | 9,5 | 81,0 | 100,0 |
| Magn þjónustu *Quantity of service* | | 170,9 | 194,7 | 797,4 | 61,5 | 60,0 | . | . |

**Skýringar** *Notes*: Með magni þjónustu er átt við meðalfjölda stunda, meðalfjölda sólarhringa og fjölda matarsendinga á viku. *Quantity of service means average number of hours, average number of days and number of food deliveries per week.*

**Tafla 16. Fólk með fötlun í þjálfun eða atvinnu eftir þjónustusvæðum 2012–2013**
*Table 16. People with disabilities receiving training and labour related services or in employment by service areas 2012–2013*

| | Fjöldi, upplýsingar um *Total, with information* | Í hæfingu/iðju *In training/activity* | | Á vernduðum vinnustað *In sheltered workplace* | | Í atvinnu með stuðning *In employment with support* | | Í atvinnu án stuðnings *In employment without support* | | Alls *Total* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % | Fjöldi *Number* | % |
| **2012** | | | | | | | | | | | |
| 01 | 84 | 45 | 53,6 | 8 | 9,5 | 8 | 9,5 | 1 | 1,2 | 62 | 73,8 |
| 02 | 72 | 17 | 23,6 | 9 | 12,5 | 1 | 1,4 | 4 | 5,6 | 31 | 43,1 |
| 03 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| 04 | 144 | 25 | 17,4 | 13 | 9,0 | 16 | 11,1 | 0 | 0,0 | 54 | 37,5 |
| 05 | 200 | 46 | 23,0 | 12 | 6,0 | 8 | 4,0 | 0 | 0,0 | 66 | 33,0 |
| 06 | 91 | 31 | 34,1 | 5 | 5,5 | 20 | 22,0 | 2 | 2,2 | 58 | 63,7 |
| 07 | 105 | 27 | 25,7 | 19 | 18,1 | 15 | 14,3 | 7 | 6,7 | 68 | 64,8 |
| 08 | 54 | 14 | 25,9 | 1 | 1,9 | 2 | 3,7 | 4 | 7,4 | 21 | 38,9 |
| 09 | 91 | 39 | 42,9 | 0 | 0,0 | 17 | 18,7 | 5 | 5,5 | 61 | 67,0 |
| 10 | 318 | 48 | 15,1 | 66 | 20,8 | 104 | 32,7 | 0 | 0,0 | 218 | 68,6 |
| 11 | 35 | 13 | 37,1 | 0 | 0,0 | 7 | 20,0 | 5 | 14,3 | 25 | 71,4 |
| 12 | 84 | 32 | 38,1 | 2 | 2,4 | 24 | 28,6 | 3 | 3,6 | 61 | 72,6 |
| 13 | 27 | 22 | 81,5 | 0 | 0,0 | 1 | 3,7 | 2 | 7,4 | 25 | 92,6 |
| 14 | 155 | 38 | 24,5 | 58 | 37,4 | 12 | 7,7 | 6 | 3,9 | 114 | 73,5 |
| 15 | 35 | 7 | 20,0 | 8 | 22,9 | 6 | 17,1 | 0 | 0,0 | 21 | 60,0 |
| **2013** | | | | | | | | | | | |
| 01 | 81 | 40 | 49,4 | 10 | 12,3 | 11 | 13,6 | 1 | 1,2 | 62 | 76,5 |
| 02 | 78 | 17 | 21,8 | 8 | 10,3 | 1 | 1,3 | 4 | 5,1 | 30 | 38,5 |
| 03 | 1.206 | 187 | 15,5 | - | - | 144 | 11,9 | 30 | 2,5 | 361 | 29,9 |
| 04 | 168 | 32 | 19,0 | 12 | 7,1 | 35 | 20,8 | - | - | 79 | 47,0 |
| 05 | 242 | 15 | 6,2 | 41 | 16,9 | 7 | 2,9 | - | - | 63 | 26,0 |
| 06 | 114 | 28 | 24,6 | - | - | 26 | 22,8 | 4 | 3,5 | 58 | 50,9 |
| 07 | 100 | 22 | 22,0 | 21 | 21,0 | 20 | 20,0 | 4 | 4,0 | 67 | 67,0 |
| 08 | 53 | 13 | 24,5 | - | - | 4 | 7,5 | 9 | 17,0 | 26 | 49,1 |
| 09 | 97 | 37 | 38,1 | 2 | 2,1 | 14 | 14,4 | 11 | 11,3 | 64 | 66,0 |
| 10 | 323 | 46 | 14,2 | 58 | 18,0 | 114 | 35,3 | 10 | 3,1 | 228 | 70,6 |
| 11 | 38 | 16 | 42,1 | - | - | 4 | 10,5 | 4 | 10,5 | 24 | 63,2 |
| 12 | 90 | 30 | 33,3 | 7 | 7,8 | 20 | 22,2 | 11 | 12,2 | 68 | 75,6 |
| 13 | 28 | 22 | 78,6 | - | - | 3 | 10,7 | 1 | 3,6 | 26 | 92,9 |
| 14 | 157 | 43 | 27,4 | 53 | 33,8 | 18 | 11,5 | 2 | 1,3 | 116 | 73,9 |
| 15 | 35 | 8 | 22,9 | 6 | 17,1 | 5 | 14,3 | - | - | 19 | 54,3 |

**Skýringar** *Notes*: Sjá þjónustusvæði eftir númerum í töflu 12 á bls. 10. *See service areas by number in table 12 on page 10.*

Hagtíðindi
Statistical Series

**Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**
***Health, social affairs, justice***

99. árg. • 40. tbl.
2014:4 [Leiðrétt útgáfa 8. janúar 2015 *Corrected version 8 January 2015*]

ISSN 0019–1078
ISSN 1670–4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4681 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*